

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Hróarsholt, spild B frístundahús.

Gert er ráð fyrir 2,89 ha lóð fyrir frístundahús. Hámarksstærð hússins er 100 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 4. apríl 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. maí 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. maí 2007